



Akstursíþróttasamband Íslands

Árþing 16.03.2013

Árþing Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í fundarsal C 16. mars 2013 kl. 13:00.

1. Þingsetning

Lárus Blöndal formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð konur og menn velkomin. Lárus sagði að nú hefði hann ákveðið að stíga til hliðar sem formaður en bauð sig jafnframt fram sem varaformaður.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar

Stungið var upp á að Ari Jóhannsson, Tryggvi M. Þórðarson og Gunnar Bjarnason tækju það hlutverk og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta

Lárus Blöndal tilnefndi Hafstein Pálsson sem þingforseta sem þingforseta. Það var samþykkt samhljóða.

Hafsteinn fór yfir boðun þingsins og spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun árþingsins. Það var ekki og lýsti hann því fundinn löglegan.

4. Kosning þingritara

Lárus Blöndal tilnefndi Þránd Arnþórsson sem þingritara. Það var samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Guðbergur Reynisson flutti skýrslu stjórnar:

Þann 20.12.2012 var Akstursíþróttasamband Íslands (AKÍS) stofnað af aðildarfélögum þeim sem höfðu áður sameinast um akstursíþróttanefnd ÍSÍ frá 2008, og LÍA þar á undan.

Boðin var fram 8 manna stjórn á stofnþinginu sem öll var kosin einróma en það eru Lárus Blöndal formaður, Ragnar Róbertsson, Guðbergur Reynisson, Ari Jóhannsson, Tryggvi M Þórðarson, Gunnar Hjálmarsson, Ólafur Guðmundsson og Björgvin Ólafsson.

Ákveðið var að fækka símafundum og fjölga raunfundum og eru nú einn símafundur og einn raunfundur í hverjum mánuði, á fyrsta fundi stjórnar var svo raðað niður í embætti en Guðbergur Reynisson var skipaður Varaformaður, Ólafur Guðmundsson Gjaldkeri og Björgvin Ólafsson Ritari, þá var einnig Þrándur Arnþórsson gerður að framkvæmdastjóra sambandsins

frá stofnun AKÍS hefur ofurkapp verið lagt á að smíða keppnisdagatal og reglur fyrir hverja keppnisgrein, en einnig voru stofnuð keppnisráð allra greina og munu þau verða nýtt vegna hvers kyns samvinnu eða ágreinings milli félaga sem kann að verða. Aðildarfélögin eru byrjuð að skipuleggja sumarið þó svo að fyrstu keppnir ársins sem áttu að vera í febrúar og mars hafi fallið niður, en ekki hefur fengist næg þátttaka svona snemma vors.

Ákveðið var einnig að taka mjög strangt á öryggisgæslu og ætla stjórnarmenn AKÍS að vera mjög sýnilegir á keppnum ársins. Ólafur Guðmundsson hefur í árána rás hannað matsblað vegna framkvæmdar á akstursíþróttakeppnum svipað og notað er á Formula1 keppnum og munum við nota þetta keppnistímabil til þess að klára þá hönnun.

Einnig hefur mikil vinna verið lögð í samningaviðræður við tryggingarfélag vegna trygginga á keppnistækjum og hefur það gengið brösuglega en Tryggvi mun kynna það mál nánar hér á eftir.

Stofnuð var nefnd til þess að kanna möguleika á lækun keppnisgjalda, sérstaklega fyrir nýliða og þá aðallega í þeim tegundum akstursíþróttar þar sem keppt er á óbreyttum bílum beint af götunni og miðar þeirri vinnu vel áfram. Einnig var stofnuð reglunefnd og formaður þar settur Tryggvi Þórðarson og Öryggisnefnd sem stýrt er af Ólafi Guðmundssyni.

Stefnan er öruggar akstursíþróttakeppnir og þar með fjölgun iðkenda og keppenda. Til þess að svo megi verða þurfa félagsmenn aðildarfélaganna að taka sig saman og fara í einu og öllu eftir reglum sambandsins, reglubreytingar og kærur verða að fara eftir réttum boðleiðum, reglubreytingar á ársþingum og kærur á auglýstum kærufresti hverrar keppnar fyrir sig öðruvísi munum við aldrei ná markmiðinu .

6. Endurskoðaðir reikningar AKÍS lagðir fram og kynntir

Þrándur Arnþórsson fór yfir tekjur og gjöld Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA 2012.

7. Umræður og samþykkt reikninga

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar eða reikninga.

Reikningar sambandsins voru síðan bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

8. Ávarp gesta

Líney Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ þakkaði fyrir gott samstarf á síðustu árum og flutti góðar kveðjur frá forseta ÍSÍ. Stutt er síðan stofnþingið var haldið en samt talsvert verið gert.

Hjá ÍSÍ var síðasta ár óvenju annasamt, þar sem haldið var upp á 100 ára afmæli sambandsins og fjölmargir viðburðir í tengslum við það.

Líney sagði ánægjulegt að að Akstursíþróttasamband Íslands sé nú komið undir hatt ÍSÍ og að það geti orðið eitt af stærstu íþróttasamböndum landsins.

Skilaboð hennar til akstursíþróttamanna: „Elskiði friðinn!“

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Ólafur Guðmundsson fór yfir fjárhagsáætlun Akstursíþróttasambands Íslands fyrir árið 2013.

10. Lagabreytingatillögur

Guðbergur Reynisson kynnti tvær tillögur um breytingar á 6. grein laga. Lárus Blöndal lagði auk þess til að textinn „sbr. 2. grein“ bætist við í þriðju málsgrein. Eftir þær breytingar hljóði greinin svona með feitletruðum breytingum:

Árþing AKÍS fer með æðsta vald í málefnum sambandsins og skal það haldið fyrir 1. apríl ár hvert. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum, héraðssamböndum og félögum sem mynda sambandið.

*Fulltrúafjöldi hvers félags fer eftir tölu útgefinna keppnisskírteina **síðasta heila keppnistímabils** sem hér segir:*

*0 til og með 25: Einn fulltrúi
26 til og með 50: Tveir fulltrúar
51 til og með 100: Þrjú fulltrúar
101 og fleiri: Fjórir fulltrúar*

*Hvert héraðssamband og íþróttabandalag **skv. 2. grein** fær 1 fulltrúa.*

Árþing skal boðað með auglýsingu og eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda sambandsaðilum AKÍS.

*Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn AKÍS minnst 3 vikum fyrir þing. **Þetta á einnig við um framboð til formanns og stjórnar AKÍS.** Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.*

Árþing er lögætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

Engar tillögur voru kynntar í fundarboði.

12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.

Reykingar – Reykingar eru ekki leyfðar í íþróttamannvirkjum. Málinu vísað til stjórnar.

Tryggingamál – Tryggvi kynnti niðurstöðu funda með tryggingafélögum og innanríkisráðuneyti. Tryggingaviðauka þarf í öllum skráðum ökutækjum. Óskráð ökutæki eru ótryggð. Athuga þarf með breytingar á reglugerð 507 frá 2007. Vinnan heldur áfram og vonandi er hægt að leysa þetta áður en næsta keppni fer fram.

Öryggismál – Ólafur Guðmundsson kynnti námskeiðahald fyrir félögin. Eftir er að halda námskeið fyrir AÍFS og Start.

Ólafur sagði líka frá atviki sem varð á Bíladögum á Akureyri. Það voru mörg atriði sem allir þurfa að draga lærdóm af.

Keppnisráð – Guðbergur sagði að búið væri að koma á keppnisráðum fyrir allar greinar nema drifti. Keppnisráðin taka við þeim málum sem upp koma innan greinar og vísa áfram ef við á.

Laganefnd – Tryggvi talaði um að keppnisreglur séu nú komnar á vefinn. Gæta þarf að því að reglur séu uppfærðar og endurnýjaðar m.v. það sem er gert.

Málefni LÍA – Lárus kynnti framkvæmd sameiningar við LÍA. Stjórn LÍA boði aðalfund eftir lögum LÍA sem haldinn verði 11. apríl 2013. Þar verði kosin stjórn úr röðum stjórnarmanna AKÍS.

Ástæða þess að ekki er hægt að ganga frá stjórnarkjöri í dag er að það þarf að boða fulltrúa frá Flugbjörgunarsveitinni Hellu ásamt Bindindisfélagi Ökumanna. Samþykkt samhljóða.

Ályktanir ársþings – Ólafur bar fram tillögur um ályktanir þingsins:

1. Ný umferðarlög

Ársþing Akstursíþróttasambands Íslands skorar á stjórnvöld að frumvarp til nýrra umferðarlaga verði afgreitt á næsta þingi.

Í kjölfar þess verði reglugerð um akstursíþróttir endurskoðuð og ný viðmið sett hvað varðar váttryggingar í akstursíþróttum.

2. „Áratugur aðgerða“

Ársþing Akstursíþróttasambands Íslands styður umferðaöryggisráttak Sameinuðu þjóðanna til ársins 2020 „Decade of Action“, sem hófst árið 2011 og stefnir að 50% fækkun alvarlegra umferðarslysa á heimsvísu næstu 10 ár.

„Áratugur aðgerða“ verði notað til hins ýtrasta til eflingar umferðaröryggis á Íslandi. Stutt er að taka upp svokallaða „Núllsýn“ í umferðaröryggismálum á Íslandi með það að markmiði að enginn farist í umferðarslysum. Sama markmið sé viðhaft hvað varðar akstursíþróttir.

Báðar ályktanir voru samþykktar samhljóða

Keppnisgjöld – Henning Ólafsson formaður AÍFS ræddi um keppnisskírteini og hvaða möguleikar eru til að fjármagna sambandið. Þeir sem eru með félagsskírteini megi keppa og hluti gjaldsins renni til sambandsins. Þetta væri einfaldara með rúkkun gegnum félögin.

Ólafur benti á að þegar keppendur fá skírteini sé hægt að taka það af mönnum ef þeir brjóta reglur.

Guðbergur sagði að vinnuhópur væri í gangi til að finna lausn sem allir geta sætt sig við. Og sem skili sambæriegum tekjum til sambandsins.

Horfa fram á veginn – Henning ræddi um að starfandi mótanefnd myndi horfa lengra fram á veginn og skipuleggja mót eitt til tvö ár fram í tímann.

13. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingartillögur og framkomin mál

Tillögur Guðbergs og Lárusar um lagabreytingarnar voru samþykktar samhljóða.

14. Kosningar

a) Stjórn, samanber 11. grein

Þingforseti lagði fram tillögu fráfarandi stjórnar um að formaður verði Guðbergur Reynisson. Samþykkt með lófataki.

Þingforseti lagði fram tillögu fráfarandi stjórnar um aðra menn í stjórn:

Lárus Blöndal

Ólafur Guðmundsson

Ragnar Róbertsson

Ari Jóhannsson

Tryggvi M Þórðarson

Gunnar Hjálmarsson

Einar Gunnlaugsson

Samþykkt með lófataki.

b) 2 skoðunarmenn reikninga

Lögð var fram tillaga um skoðunarmenn AKÍS:

Gunnar Bragason

Jón Gestur Viggósson

Samþykkt með lófataki.

c) Fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem íþróttaping ÍSÍ fer fram.

Samþykkt að vísa ákvörðun til stjórnar.

15. Þingslit

Guðbergur Reynisson þakkaði fyrir góðan fund með ósk um að allir sameinist um að gera umgjörð akstursíþrótttra traustari og faglegrri.

Fundi slitið um kl. 15:00

Þrándur Arnþórsson

Kjörbréf:

Héraðssambandið Skarphéðinn – Stefán Hansen Daðason

Íþróttabandalag Reykjaness – Guðbergur Reynisson

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar – Sigurjón Andersen

Ungmennafélag Skagafjarðar - Þórður Ingvason

BÍKR – Þórður Bragason og Þorkell Símonarson

AÍFS – Henning Ólafsson

BA – Einar Gunnlaugsson (2 atkvæði) og Sigursteinn U Sigursteinsson

Stimpill – Ragnar Róbertsson

KK – Ingólfur Arnarson og Ari Jóhannsson

TKS – Helga Katrín Stefánsdóttir

AÍH – Gunnar Bjarnason og Gunnar Hjálmarsson

Start – Ólafur Bragi Jónsson